

Fréttatilkynning frá Eli Lilly

# Eli Lilly á Íslandi uppfyllir ákvæði í lögum á Íslandi um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 með áorðnum breytingum

Í máí sendi Eli Lilly á Íslandi heilbrigðisstarfsmönnum á Íslandi sem fyrirtækið hefur samskipti við bréf um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Eli Lilly á Íslandi er frumkvöðull á þessu sviði og með þessu verkefni hefur fyrirtækið sett ný viðmið í samskiptum lyfjafyrirtækja við heilbrigðisstarfsmenn.

Í bréfinu er eftirfarandi texti:

Athygli þín er vakin á að samkvæmt **reglugerð um lyfjaauglýsingar nr. 328/1995** sem er sett með heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 er lyfjafyrirtækjum skylt að halda skrár yfir:

- Lyfjakynningar, þar sem fram kemur hvar, hvenær og fyrir hverja þær voru haldnar.
- Afhendingu lyfjasýnishorna.

Fyrirtækjunum ber að geyma þessar skrár í a.m.k. 2 ár.

Dæmigerðar upplýsingar sem Eli Lilly hefur á skrá eru:

**Almennar upplýsingar:** Titill, nafn, heimilisfang á vinnustað, heimilisfang, útskriftarár, sérfræðisvið/sjúkrahúsdeild, sími á vinnustað og etv. netfang og farsímanúmer.

**Faglegar upplýsingar:** Til dæmis upplýsingar um faglega sérhæfingu, greinar sem viðkomandi hefur birt, þátttaka í ráðstefnum/kúrsum og þátttöku í klínískum rannsóknum.

**Upplýsingar sem tengjast lyfjakynningum:** Hvað var kynnt og samantekt á því helsta sem fram fór á kynningu, afhendingu lyfjasýnishorna, upplýsingaefnis o.s.frv.

**Flokkun lækna:** Ef upplýsingar eru fáanlegar geta læknar verið flokkaðir á grundvelli upplýsinga um faglega sérhæfingu, hve marga sjúklinga lækni hefur til meðferðar, ávísanavenjum o.fl.

Auk þess er fyrirtækinu skylt að vekja athygli þína á að skv. ákvæðum í III kafla laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um eftirfarandi:

## 1. Tilgangur upplýsingasöfnunar, vinnslu og geymslu gagna:

Tilgangur upplýsingasöfnunar, vinnslu og geymslu gagna er að uppfylla skilyrði reglugerðar um lyfjaauglýsingar nr. 328/1995 sem er sett með heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

## 2. Hvaðan upplýsingarnar koma:

Upplýsingar sem eru skráðar er safnað við lyfjakynningar, með spurningalistum og öðrum samskiptum sem fyrirtækið hefur við heilbrigðisstarfsmenn.

## 3. Hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar og hvaða upplýsingar er eða hefur verið unnið með.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með markaðssetningu lyfja og getur því fengið upplýsingar um hvernig staðið er að lyfjakynningum, afhendingu lyfjasýnishorna o.þ.h.

## 4. Réttur heilbrigðisstarfsmanns til að sjá upplýsingar um hann og hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið safnað:

Heilbrigðisstarfsmaður getur fengið að sjá hvaða upplýsingar fyrirtækið hefur safnað um hann. Til að unnt sé að sýna hinum skráða þessar upplýsingar, verður viðkomandi að senda fyrirtækinu skriflega beiðni.

Undirrituð veitir allar nánari upplýsingar.

23. ágúst 2005

Rúna Hauksdóttir  
markaðs- og sölustjóri